

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir „Aurora Observatory“ nr. 737/2013.

#### 1. gr.

Samþykktar hafa verið eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

#### **3. gr skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:**

Markmið stofnunarinnar er að kaupa, byggja og reka aðstöðu fyrir rannsóknarsetur sem snýr að rannsóknum á norðurljósum, loftslagi og lífríki í samstarfi kínverskra og íslenskra aðila. Einnig að skipuleggja og sjá um kynningarstarfsemi vegna starfseminnar, þ.m.t. rekstur gestastofu. Skal fjármunum stofnunarinnar varið til kaupa, byggingar og reksturs nauðsynlegrar aðstöðu og búnaðar rannsóknarstöðvarinnar.

#### **6. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:**

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur einstaklingum til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningum þannig:

Rannsóknarmiðstöð Íslands (Rannís) tilnefnir tvo.

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) tilnefna einn.

Þá tilnefnir Heimskautastofnun Kína einn áheyrnarfulltrúa til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum.

#### **8. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:**

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum/skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

#### **11 . gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:**

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Vestfjörðum. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

#### **12 . gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:**

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Vestfjörðum á skipulagsskrá þessari.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir „Aurora Observatory“ staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 21. júlí 2025.*

**Thelma Dögg Theodórsdóttir.**

---

*Bergrún Halldórsdóttir.*

---

B deild - Útgáfudagur: 5. ágúst 2025